

KJARVALSSTAÐIR:

Batik-myndlistar-sýning Katrínar


Í dag kl. 14 opnar Katrín H. Ágústsdóttir myndlistarsýningu í austursal Kjarvalsstaða. Á sýningunni eru 70 batikmyndir sem allar eru unnar á síðustu árum, flestar þeirra landslagsstemningar.

Katrín hefur áður haldið fjórar einkasýningar — þrjár í Bogasal Þjóðminjasafnsins og í Safnahúsinu á Selfossi. Hún er handmenntakennari að mennt og hefur verið við nám í batiklist í Danmörku.

Sýningin mun standa næstu tvær vikur en henni lýkur um mánaðamótin.



Katrín H. Ágústsdóttir við eitt verkanna á sýningunni. Ljós. RAX.



Jónas Guðmundsson við eitt verkanna á sýningunni.

NORRÆNA HÚSIÐ:

Sýning Jónasar Guðmundssonar

Málverkasýning Jónasar Guðmundssonar í Norræna húsinu verður opnuð í dag kl. 14. Á sýningunni eru rúmlega 60 verk, olíumálverk og vatnslitamyndir, flestar málaðar á síðustu tveimur árum en nokkrar eru þó eldri. Jónas hefur haldið fjölda einkasýninga, þ.á m. í Norræna húsinu fyrir tveimur árum en síðasta sýning hans var í Gallery Concord í París, þar sem hann sýndi með Valtý Péturssyni.

„Þetta er svona þessi sama lína og ég hef verið í,“ sagði Jónas í spjalli við blm. Mbl. „Myndefnið er sjórinn og bátarnir, gamli bærinn og ýmsar manneskjur — myndir bæði frá Reykjavík og frá Eyrarbakka þar sem ég hef verið að yrkja og mála.“

Sýningin verður opin daglega frá kl. 14–22, en henni lýkur sunnudaginn 24. þ.m.

DJÚPIÐ:

Síðasta sýning-arhelgi Anne Tírr

Á miðvikudaginn lýkur sýningu Catherine Anne Tírr í Djúpinu við Hafnarstræti. Þar sýnir hún grafíkmyndir og eru flest verkin unnin í sáldþrykk (serigrafíu), sem hún hefur sérhæft sig í.

Myndirnar á sýningunni spanna fjögurra ára tímabil. Eldri verkin eru tengd goðsögum, en nýjustu verkin eru heldur meira abstrakt.

„Hljá handa þinna“ sýnd í MÍR-salnum

Í dag verður kvikmynda-sýning í MÍR-salnum, Lindargötu 48, 2. hæð, og hefst hún kl. 15. Er það síðasta reglulega laugardagssýning MÍR á þessu vori.

Sýnd verður sovéska kvikmyndin „Hljá handa þinna“, frá Grúsía-film, gerð árið 1972. Leikstjórar Sjota Mamagadze og Nodar Mamagadze. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.



Steinunn Marteinsdóttir leirkerasmiður opnar í dag sýningu á Kjarvalsstöðum. Rúmlega 100 verk eru á sýningunni, steinleir, postulín, vasar, lágmyndir, skálar og fleira og einnig sýnir Steinunn teikningar þær sem hún gerði í viðhafnarútgáfu AB á Stjörnum vorsins eftir Tómas Guðmundsson. Sýningin stendur til mánaðamóta.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ:

„Sölumaður deyr“ í kvöld — fáar sýningar eftir

SÖLUMAÐUR deyr, eftir Arthur Miller, hefur nú verið sýndur þrjátíu sinnum hjá Þjóðleikhúsinu, við mjög góða aðsókn og verður ein sýning á leikritinu í kvöld. Miller hlaut hin eftirsóttu Pulitzer verðlaun fyrir þetta leikrit á árinu 1949 þegar það var frumsýnt í New York. Síðan þá hefur verkið verið sýnt um mest allan heiminn og hvað eftir annað, enda af mörgum talið eitt af klassískum verkum þessarar aldar. Sýning Þjóðleikhússins nú hefur fengið mjög góðar viðtökur almennings.

Í aðalhlutverkunum eru Gunnar Eyjólfsson, Margrét Guðmundsdóttir, Hákon Waage, Andri Orn Clausen, Róbert Arnfinnsson, Árni Tryggvason, Randver Þorláksson og Bryndís Pétursdóttir. Leikstjóri er Þórhallur Sigurðsson, leikmyndin er eftir Sigurjón

Jóhannsson, tónlist eftir Áskel Másson, en dr. Jónas Kristjánsson býddi leikinn.

Gustur nálgast frumsýninguna

Nú á miðvikudaginn, 20. maí, verður söngleikurinn Gustur, saga af hesti, frumsýndur. Verður þá jafnframt minnst 30 ára leikafmælis Bessa Bjarnasonar. Gustur er byggður á sögu eftir Tolstoj og hefur þessi söngleikur farið sigurför um heiminn á undanföllum árum.

Aukasýningar á Haustinu í Prag

Enn verða tvær aukasýningar á tékknesku einþáttungunum Haustíð í Prag og verða þær á þriðjudag og fimmtudag.



Magrét Guðmundsdóttir og Gunnar Eyjólfsson í hlutverkum Lomanhjóanna í „Sölumaður deyr“.